

Eftirfarandi sveitarfélög á Vestfjörðum: Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Bæjarhreppur, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð gera með sér svo svofelldan

SAMNING

um menningarmál, í tengslum við samning um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál á Vestfjörðum.

1.gr. Markmið

Tilgangur samningsins er að sveitarfélög á Vestfjörðum efli menningarstarf á svæðinu, leggi aukna áherslu á að menning sé hluti af atvinnu- og búsetuskilyrðum svæðisins og viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélaganna.

Með samningnum verði stuðningi ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum við menningarstarf beint í einn farveg og áhrif heimamanna aukin í uppbyggingu og forgangsröðun verkefna á sviði menningarmála.

2.gr. Menningarráð Vestfjarða

Menningarráð Vestfjarða er sjálfstætt ráð sveitarfélaga á Vestfjörðum. Menningarráð Vestfjarða skal setja sér starfsreglur. Hlutverk ráðsins er að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um málaflokkinn. Menningarráð Vestfjarða úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Vestfjörðum, samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Menningarráð skal skipað sjö fulltrúum, og jafnmörgum til vara, á grundvelli þriggja svæða (sbr. 3. grein). Fulltrúar skiptast þannig: Einn fulltrúi frá Strandasýslu og Reykhólum, einn fulltrúi frá Vestur-Barðastrandarsýslu, einn fulltrúi frá Bolungarvík og Súðavík og tveir fulltrúar frá Ísafjarðarbæ. Auk þess tilnefni Fjórðungssamband Vestfirðinga tvo fulltrúa.

3.gr. Samstarfssvæði

Á Vestfjörðum eru þrjú samstarfssvæði um menningarmál. Þau eru þannig skilgreind:

Strandir og Reykhólar: Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð og Bæjarhreppur.

*Vestur-Barðastrandarsýsla: Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur.
Ísafjarðarsýslur: Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur.*

Á grunni þessara samstarfssvæða verði unnið samkvæmt stefnumótun sem unnin hefur verið fyrir menningarmál á Vestfjörðum.

4.gr.

Hlutverk Menningarráðs

Ríkið greiðir árlega sérstakt framlag til Menningarráðs Vestfjarða meðan samningur þessi er í gildi. Það framlag nær til allra beinna framlaga ríkissjóðs til menningarmála á Vestfjörðum annarra en þeirra safna sem fá framlög skv. Þjóðminjalögum og lögum um þjóðskjalasafn, auk annarra menningarstofnanna á föstum fjárlögum.

Menningarráð Vestfjarða skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrki af því fjármagni sem það hefur til umráða samkvæmt samningi ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar á Vestfjörðum geta sótt um styrki til Menningarráðsins til einstakra menningarverkefna. Við úthlutun styrkja skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar; gæði verkefna, jafnræði samstarfssvæðanna og fjölbreytni menningarstarfs. Skilyrði fyrir úthlutun úr sjóðnum er að viðkomandi umsækjandi sýni fram á mótframlag til verkefnisins.

5.gr.

Hlutverk sveitarfélaga

Framlög sveitarfélaga á Vestfjörðum til menningarmála, á samningstímanum nemi í upphafi ekki lægri fjárhæð árlega en framlag sveitarfélaganna er nú. Sveitarfélögin stefna að því að verja auknu fjármagni til menningarmála á gildistíma samningsins.

Kostnaður við starfsemi ráðsins m.a. vegna aðstöðu og starfsmanns, skal greiddur af því fé sem veitt er til að efna menningarsamning ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum og með beinum framlögum sveitarfélaganna á svæðinu. Skulu sveitarfélögin greiða að lágmarki þriðjung kostnaðar vegna starfsemi Menningarráðsins (þ.m.t. skrifstofuhald og laun) árið 2008 og helming kostnaðar árið 2009.

6.gr.

Uppsögn og endurskoðun

Telji samningsaðilar að samningsbundnum skyldum sé ekki fullnægt geta þeir gert skriflega kröfu um að úr því verði bætt innan hóflegs frests. Menningarráð Vestfjarða annast umsýslu slíkra mála. Sé ekki bætt úr annmörkum á framkvæmd samningsins getur samningsaðili sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

7.gr.
Gildistími

Samningur þessi gildir til ársloka 2009. Eigi síðar en 6 mánuðum fyrir þann tíma munu aðilar kanna grundvöll fyrir áframhaldandi samningi.

8.gr.
Lögsaga

Leysi samningsaðilar ekki ágreiningsmál sem rísa kann vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður í 10 samhljóða eintökum og heldur hver aðili sínu.

Framangreindu til staðfestu eru undirskriftir aðila.

Sævangi í Steingrímsfirði 10. júní 2007

F.h. Árneshrepps
Oddný S. Þórðardóttir
Oddviti

F.h. Reykhólahrepps
Óskar Steingrímsson
Sveitarstjóri

F.h. Bolungarvíkurkaupstaðar
Grímur Atlason
Bæjarstjóri

F.h. Strandabyggðar
Ásdís Leifsdóttir
Sveitarstjóri

F.h. Bæjarhrepps
Þorgerður Sigurjónsdóttir
Oddviti

F.h. Súðavíkurhrepps
Barði Ingibjartsson
Varaoddviti

F.h. Ísafjarðarbæjar
Þorleifur Pálsson
Bæjarritari

F.h. Tálknafjarðarhrepps
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Sveitarstjóri

F.h. Kaldrananeshrepps
Jenný Jensdóttir
Oddviti

F.h. Vesturbyggðar
Guðmundur Ingbór Guðjónsson
Bæjarfulltrúi